

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 7/2012

2012/EES/34/07

frá 10. febrúar 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2011 frá 21. október 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 631/2009 frá 22. júlí 2009 um ítarlegar reglur um framkvæmd I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar vernd gangandi vegfarenda og annarra óvarinna vegfarenda, breytingu á tilskipun 2007/46/EB og niðurfellingu á tilskipunum 2003/102/EB og 2005/66/EB ⁽²⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 16.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 371/2010 frá 16. apríl 2010 um að skipta út V., X., XV. og XVI. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/19/ESB frá 9. mars 2010 um breytingu, að því er varðar aðlögun að tækniframförum varðandi hjól- og aurlífabúnað á tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra, á tilskipun ráðsins 91/226/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði I. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45a (tilskipun ráðsins 91/226/EBE):
„– **32010 L 0019**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/19/ESB frá 9. mars 2010 (Stjtið. ESB L 72, 20.3.2010, bls. 17).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 45zx (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB):
„– **32010 L 0019**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/19/ESB frá 9. mars 2010 (Stjtið. ESB L 72, 20.3.2010, bls. 17),
– **32010 R 0371**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 371/2010 frá 16. apríl 2010 (Stjtið. ESB L 110, 1.5.2010, bls. 1).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 45zy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009):
„45zz. **32009 R 0631**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 631/2009 frá 22. júlí 2009 um ítarlegar reglur um framkvæmd I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar vernd gangandi vegfarenda og annarra óvarinna vegfarenda, breytingu á tilskipun 2007/46/EB og niðurfellingu á tilskipunum 2003/102/EB og 2005/66/EB (Stjtið. ESB L 195, 25.7.2009, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 16.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 74, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 195, 25.7.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 110, 1.5.2010, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 72, 20.3.2010, bls. 17.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 631/2009, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 16, reglugerðar (ESB) nr. 371/2010 og tilskipunar 2010/19/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.